

Himinninn

23. tími.



Tilgangur: Að læra að himinninn er eilíf sæla hjá Guði fyrir það menn sem hafa sæst algjörlega við Guð

Guð skapaði okkur svo að við gætum orðið heilög. Við biðjum hvern dag um náð til þess að verða heilög.

Hugmynd af kennslustund: Við lesum í Opinberunarbók Jóhannesar postula, í 7. kafla, vers 4 til 14.

<https://biblian.is/biblian/opinberunarbok-johannesar-7-kafli/>

Himinninn

Nú skulum við hugsa um það fegursta sem til er. Það er himinninn. Guð elskar okkur óendanlega mikið. Hann vill að við verðum hamingjusöm að eilífu. Við erum oft glöð og hamingjusöm hér á jörðinni. En stundum verðum við líka sorgmædd eða hrædd. Við erum aldrei fullkomlega hamingjusöm á jörðinni. En loks kemur sá dagur að við verðum að kveðja þessa jörð. Þá fer sál okkar beint til Guðs. Þá sjáum við sjálf hvort við höfum lifað kristilegu lífi eða ekki. Kannski getum við þurft að bíða um stund eftir því að komast til Guðs. Þá förum við í hreinsunareldinn. En þegar við höfum lokið þeirri afplánun fara sálir okkar til himna.

Við förum til himna þegar allar syndir okkar eru fyrirgefnar og allt syndastraff afplánað.

En hvað er himinninn?

Himinninn er eilíf sæla hjá Guði fyrir þá menn sem hafa sæst algerlega við Guð.

En mennirnir hafa ekki aðeins sál heldur einnig líkama. Fer aðeins sálin til Guðs? Nei, því sá dagur kemur að öll sköpunin endurleysist fyrir Krist. Þá skapast einnig líkamar mannanna að nýju.

Við endalok tímanna mun líkami okkar einnig rísa upp og vera hjá Guði.

Þeir sem lifað hafa kristilegu lífi eða bætt fyrir brot sín munu ganga inn í fögnuð Guðs í líkama og sál. Til er frægt dæmi um manneskju sem komin er til himna í sál og líkama.

María er komin til himna í sál og líkama.

Við sjáum á fordæmi Maríu hvernig fara mun fyrir okkur. Ef við reynum af öllum mætti að lifa kristilegu lífi og bæta fyrir misgjörðir okkar getum við búist við hinu besta. Þá verður framtíðin björt í eilífri sælu hjá Guði.

Hvenær komumst við til himna?

Við förum til himna þegar allar syndir okkar eru fyrirgefnar og allt syndastraff afplánað.

Hvað er himinninn?

Himinninn er eilíf sæla hjá Guði fyrir þá menn sem hafa sæst algerlega við Guð.

Fer aðeins sál okkar til himna?

Við endalok tímanna mun líkami okkar einnig rísa upp og vera hjá Guði.

Hver er komin í líkama og sál til himna?

María er komin til himna í sál og líkama.